

Norræna tungumála- og menningaráætlun Nordplus 2011 (Nordplus Nordiske Sprog- og kulturprogrammet)

Auglýst eftir styrkjum til verkefna á sviði Norðurland tungumála og til námsferða í grunn- og framhaldsskólum

Tungumála- og menningaráætlun Nordplus er sérstakur vettvangur helgaður norrænum tungumálum. Þau lönd sem standa að áætluninni eru Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Einnig eiga sjálfstjórnarsvæðin Færeyjar, Grænland og Álandseyjar ásamt samíska málsvæðinu aðild að áætluninni.

Tungumála- og menningaráætlun Nordplus hefur alls til umráða 6.517.480 danskar krónur (DKK) til starfsemi sinnar árið 2011. Þar af eru 2.000.000 DKK sérstaklega ætlaðar námsferðum nemenda og starfsfólks grunn- og framhaldsskóla.

Meginmarkmið Tungumála- og menningaráætlunar Nordplus á árunum 2008-2011 eru:

- Að styrkja málskilning og þá sérstaklega skilning á grannmálunum (dönsku, norsku og sænsku).
- Að auka áhuga, þekkingu og skilning á norrænni menningu, málum og lífsháttum.

Áætlunin er tvískipt:

- Annar hluti hennar er helgaður **norrænum málum**. Veittir verða styrkir til verkefna og samstarfsneta.
- Hinn hluti hennar er ætlaður **námsferðum á sviði grunn- og framhaldsskóla**. Styrkir verða veittir til nemenda- og starfsmannaskipta með það að markmiði að styrkja málskilning, málkunnáttu og menningarvitund nemenda/uppeldisstarfsfólks. Þessi hluti áætlunarinnar er fyrst og fremst ætlaður bekkjum á grunn- og framhaldsskólástigi en einnig kennurum og öðrum sem starfa að uppeldismálum innan grunn- og framhaldsskóla.

Áherslur 2011

- Verkefni sem efla málskilning barna og ungmenna (á dönsku, norsku, sænsku).
- Verkefni sem innihalda leiðbeiningar um hvernig best sé að kenna dönsku, norsku og sænsku í Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og samísku svæðunum.
- Verkefni sem innleiða verkefnið 'sprogpiloterne' í kennslu ungmenna (14-19 ára). (sjá www.sprogpiloter.dk).
- Verkefni sem styrkja stöðu málskilnings í kennaramenntun og styrkja samvinnu um stefnumótun á sviði norrænna mála í kennaramenntun á Norðurlöndunum.
- Verkefni sem innihalda hugleiðingar um val háskóla á tungumálum sem kennt er á.
- Samstarfs- og þróunarverkefni á sviði tungutækni.
- Verkefni sem stuðla að því að markmið norrænu tungumálaherferðarinnar (Nordisk Sprogkampagne) náist. (sjá www.nordisksprogkampagne.org).

Öllum umsóknum verður að skila rafrænt í gegnum umsóknarkerfið ARS á slóðinni:

<http://ars.norden.org>

Umsóknarfrestur í öllum áætlunum Nordplus er 1. mars 2011

Nánari upplýsingar á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins, landskrifstofu Nordplus:

www.nordplus.is

Upplýsingar á norrænum málum á aðalsíðu Nordplus:

www.nordplisonline.org/sca/sprog_kultur